

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. marz 2018

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um frelsi á leigubifreiðamarkaði (201. mál)

Félagi atvinnurekenda barst hinn 8. marz beiðni um umsögn um tillögu til þingsályktunar um frelsi á leigubifreiðamarkaði, á þingskjali 280.

Félag atvinnurekenda er sammála þeirri tillögu að ráðherra verði falið að afnema hámarksfjölða atvinnuleyfa til leigubifreiðaaksturs, fækka kvöldum fyrir veitingu þeirra og opna leigubifreiðamarkaðinn fyrir aukinni samkeppni.

Núverandi löggjöf um leigubifreiðar felur í sér miklar aðgangshindranir á leigubifreiðamarkaði, sem einkum felast í svokallaðri stöðvarsþyldu leigubílstjóra og hámarksfjölða atvinnuleyfa. Engin rök standa til þess að viðhafa slíkar aðgangshindranir í inni atvinnugrein umfram aðrar. Með þeim er eingöngu verið að verja sérhagsmuni þróngs hóps, á kostnað mögulegra keppinauta, neytenda og samfélagsins í heild. Augljóst er að framboð á leigubifreiðum fylgir ekki eftirspurn; þannig hefur fjöldi leigubílaleyfa nánast staðið í stað undanfarin tíu ár, á sama tíma og ferðamönnum sem koma til landsins hefur fjöldað úr tæplega hálfri milljón á ári í 2,2 milljónir.

Samkeppnisýfirvöld hafa lengi talið að nágildandi lög fælu í sér samkeppnishindranir. Þannig gaf Samkeppniseftirlitið út álit árið 2007, þar sem samgönguráðherra var hvattur til að beita sér fyrir breytingum á lögum og reglum um leigubifreiðar sem hefðu að markmiði að skapa eðlilegt samkeppnismuhverfi á leigubifreiðamarkaði. Enn hefur ekki verið brugðið við þessu álti Samkeppniseftirlitsins fremur en svo mörgum fleirum sem snúa að þeim ramma sem stjórnvöld búa samkeppni í atvinnulífinu.

Íslenzk löggjöf um leigubifreiðar er um margt sambærileg norskri. Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, sendi norscum stjórnvöldum í fyrra rökstutt álit um að fjöldata markanir og stöðvarsþylda brjóti gegn ákvæðum EES-samningsins. ESA hefur nú hafið frumkvæðisathugun á íslenzka leigubílamarkaðnum. Yfirgnæfandi líkur eru á að niðurstaða stofnunarinnar verði sú sama hvað Ísland varðar og stjórnvöldum verði nauðugur einn kostur að breyta löggjöfinni. Engin ástæða er til að bíða enn eina ferðina eftir slíkri niðurstöðu, hvað þá dómi EFTA-dómstólsins.

Félag atvinnurekenda styður því eindregið að ráðherra gangi í það mál að afnema samkeppnishömlur á leigubifreiðamarkaði og opna hann fyrir nýrri samkeppni.

FA áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemduum á framfæri á síðari stigum málsins. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,

Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA